

Ed.

612. Nefndarálit

[175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Henni hefur borizt umsögn háskólaráðs um frv. Mælir háskólaráð með frv., en óskar þó eftir því, að auk þeirra embætta, sem frv. gerir ráð fyrir að stofnuð verði, skuli stofna nýtt prófessorsembætti í viðskiptafræðum. Nefndin telur eftir atvikum rétt, að á þessa breytingu verði fallizt, og leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, er orðist þannig:
 - a. 1. másl. 9. gr. laganna orðist þannig:

Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga-
deild, heimspekideild, verkfræðideild og viðskiptadeild.
 - b. 3. másl. 9. gr. fellur niður.
2. 1. gr. (er verður 2. gr.) orðist þannig:
 1. mgr. 37. gr. laganna orðist þannig:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

 1. Í guðfræðideild 4,
 2. í læknadeild 10,
 3. í lagadeild 4,
 4. í heimspekideild 8,
 5. í verkfræðideild 5,
 6. í viðskiptadeild 3.

PD áskilur sér rétt til þess að fylgja frekari brtt., ef fram kynnu að koma.

Alþingi, 2. júní 1960.

Auður Auðuns,
form.

Ólafur Björnsson,
fundaskr., frsm.
Unnar Stefánsson.

Páll Þorsteinsson.